

# Skýrsla stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands fyrir árið 2003

## Flutt á aðalfundi félagsins 29. janúar 2004

### 35. starfsár

Eitt helsta markmið stjórnar Skýrslutæknifélagsins fyrir nýliðið ár var að stöðva taprekstur félagsins og reka það með hagnaði. Þetta meginmarkmið náðist og við höfum þannig sýnt fram á að félagið hefur rekstrargrundvöll, þrátt fyrir fækkun félagsmanna og þrátt fyrir heldur minni aðsókn að atburðum félagsins en verið hefur undanfarin ár.

Félagsmönnum fækkaði á milli ára, eða úr 868 í 773. Skýringin er að hluta til sú að margir félagsmenn DECUS nýttu sér inngöngutilboð árið 2002, en hafa ekki haldið áfram sem félagsmenn. Einnig koma til áframhaldandi aðhaldsaðgerðir fyrirtækja sem hafa beinlínis fækkað félagsmönnum. Ný stjórn mun leita leiða til að snúa þessari þróun við og verða hugmyndir sem tengjast því kynntar hér á eftir.

Félagið stóð fyrir 6 ráðstefnum og 5 hádegisverðarfundum á árinu. Ráðstefnurnar voru vel sóttar og komu að jafnaði 117 á hverja ráðstefnu, sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Aftur á móti komu aðeins 66 að jafnaði á hádegisverðarfundina, en það er veruleg fækkun frá því sem verið hefur undanfarin ár. Nærtækasta skýringin er líklega sú að efni fundanna hafi ekki höfðað til eins margra og oft áður.

### 1. Ráðstefnur og fundir

**1.1** Fyrsti atburður ársins var ráðstefnan **Þögli þjónninn – örgjörvar og rekstrarumhverfi**. Þetta var hefbundin hálf dags ráðstefna í lok janúar. Tveir erlendir fyrirlesarar frá HP og IBM skýrðu frá framtíðarsýn þessara stórfyrirtækja á sviði örgjörva og annars miðlægs búnaðar og aðferðum til að einfalda rekstrarumhverfi notenda búnaðarins. Auk þess fluttu fjórir innlendir fyrirlesarar áhugaverð erindi um ákvarðanatöku við val á búnaði o.fl. sem tengdist efni ráðstefnunnar og komu þar eðlilega fram ólík sjónarmið.

**1.2** Annar atburðurinn var hádegisverðarfundur um **rafræna kosningabaráttu** sem við höldum í lok febrúar í aðdraganda alþingiskosninganna. Þar var sagt frá nýlegri rannsókn um áhrif upplýsingatækninnar á lýðræðið, auk þess sem tveir þekktir stjórnmálamenn lýstu sínum viðhorfum til þess hvernig nýta mætti þessa tækni í tengslum við kosningar. Í þessu sambandi er freistandi að nefna Howard Dean forsetaframbjóðanda í Bandaríkjunum sem þykir hafa náð einstökum árangri við að nýta Internetið í stjórnmálabaráttunni þar vestra. Þetta var um margt áhugaverður fundur, en óvenju fámennur.

**1.3** **Ísland fyrirmynd annarra þjóða - Tilraunasamfélag fyrir rafræn viðskipti**. Þetta var mjög fjölmennur og vel heppnaður hádegisverðarfundur sem við höldum við í samstarfi við lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, SARÍS og FUT. Þarna var þessu mjög svo metnaðarfulla verkefni, sem gengur út á að gera Ísland að tilraunasamfélagi fyrir rafræn viðskipti, lýst. Viðskiptaráðherra flutti ávarp og kynnti stuðning stjórnvalda við verkefnið og borgarstjóri var sérstakur gestur fundarins.

**1.4 Instant Messaging – snarsambönd.** Á þessum hádegisverðarfundum í lok mars var kastljósinu beint að þessu ósýnilega samskiptaneti innan fyrirtækja sem farið hefur sem eldur í sinu undanfarin misseri og oft án vitundar stjórnenda.

**1.5 Breaking through to eFuture – Ísland tilraunasamfélag fyrir rafræn viðskipti** var heiti og efni hinnar árlegru SARÍS-ráðstefnu í apríl. Hún fór fram á ensku, enda var hluti ráðstefnugesta erlendis frá og mikilvægt að efni ráðstefnunnar skilaði sér til þeirra. Hér er sannarlega á ferðinni mjög metnaðarfullt verkefni á sviði upplýsingatækni þar sem Ísland er í forystu í alþjóðlegu samstarfi og verður mjög spennandi að fylgjast með framvindu þess næstu misserin.

**1.6 X-Öryggi 2003.** Þessi eins og hálf dags ráðstefna um öryggismál, sem haldin var á Hótel Örk og í samstarfi við DECUS 16.-17. maí, var án efa umfangsmesti atburður sem félagið stóð fyrir á árinu og líklega stærsta ráðstefna sem haldin hefur verið hér á landi um öryggismál tengd upplýsingatækni. Þarna voru lengst af þrjár samhliða fyrirlestrabrotir, fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara og sýning, auk þess sem dómsmálaráðherra flutti ávarp. Stjórnin kann DECUS-mönnum bestu þakkar fyrir þeirra mikla hlut í að gera þennan atburð að veruleika og væntir áframhaldandi góðs samstarfs við DECUS.

**1.7 Er framtíðin núna? Ráðstefna um umhverfi nútímastarfsmannsins,** kölluðum við haustráðstefnu félagsins sem var hefðbundin hálf dagsráðstefna sem við héldum í september. Þarna var skoðað hvaða áhrif upplýsingatæknin hefur haft á vinnuumhverfi starfsmanna undanfarin ár og einnig horft til framtíðar. Fyrirlesarar voru m.a. deildarforseti tölvunarfræðideildar háskóla, vinnusálfræðingur, framkvæmdastjóri þróunarsviðs fjarskiptafyrirtækis, lögfræðingur stéttarfélags og ráðgjafi alþjóðlegs ráðgjafafyrirtækis.

**1.8 Gagnaflutningur og fjarskipti – þróunin, framboð og framtíðin** var heiti hádegisverðarfundar sem við héldum í samvinnu við Prenttæknistofnun í október. Þarna var varpað ljósi á þá þróun sem verið hefur í samþættingu gagna á ýmsu formi, eða margmiðlunargagna af ýmsu tagi, og hvers þarf að gæta þegar þau eru send á milli ólíkra kerfa og aðila. Fulltrúar dagblaðs, fjarskiptafyrirtækis og sjónvarpsstöðvar fræddu okkur um þessi mál og hvers má vænta á þessu sviði.

**1.9 Ógnaröld á Netinu. Ráðstefna um öryggisbresti á Netinu og varnir gegn þeim,** var yfirskrift annarrar af tveimur fjölmennustu ráðstefnum ársins sem rúmlega 150 manns sóttu. Helsti veirusérfræðingur landsins, sem einnig er heiðursfélagi Skýrslutæknifélagsins, fræddi okkur um orsakir og eðli veira og ruslpósts. Rekstraraðilar og sérfræðingar héldu erindi og mjög aukið hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar á þessu sviði var útskýrt.

**1.10 Árleg hugbúnaðarráðstefna** félagsins var haldin á hinu glæsilega Nordica Hótelu í október undir heitinu **Samþætting kerfa: Hvenær, hvers vegna og hvernig?** Ráðstefnan var vel heppnuð og mjög vel sótt enda er hér um efni að ræða sem brennur mjög á þeim sem fást við hugbúnaðargerð og ekki síður þeim sem taka ákvarðanir um framþróun hugbúnaðarkerfa. Erindin fluttu íslenskir sérfræðingar og stjórnendur og auk þess einn erlendur fyrirlesari sem er sérfræðingur á þessu sviði.

**1.11 Síðasti atburður ársins** var hádegisverðarfundur sem við héldum í lok nóvember í samvinnu við aðstandendur ráðstefnunnar Digital Reykjavík og nefndum **Ljósleiðaravætt – hvað breytist þegar heilt samfélag er ljósleiðaravætt?** Þarna fluttu tveir erlendir fyrirlesarar

erindi um breiðbandsvæðinguna erlendis, auk þess sem Video að vild eða æskikvikmyndir voru sýndar í rauntíma.

## 2. Tímaritið Tölvumál og vefurinn

Í samræmi við breytta stefnu í útgáfumálum voru greinar birtar á vefnum næstum vikulega og Tölvumál síðan gefin út á pappír með úrvali greina og kom blaðið út í september. Þegar liða tók á haustið voru gerðar áherslubreytingar í efnisöflun og einnig var farið að tilkynna um nýjar greinar á vefnum með tölvupósti. Mesta breytingin er þó sú að nú eru á hverjum degi birtir útdrættir úr helstu tölvufréttum utan úr heimi og má því segja að vefurinn okkar sé orðinn einn helsti fréttamiðillinn á sviði upplýsingatækni hér á landi. Mikilvægt er að fylgja þessu eftir með kynningum og með því að bjóða áhugasömum áskrift að fréttunum í tölvupósti.

## 3. Orðanefnd

Á síðasta aðalfundi kom fram að orðanefndin fékk óvenju rausnarlegan styrk frá Norræna málráðinu til þess að endurbæta og uppfæra Tölvuorðasafnið sem er aðgengilegt öllum á Vefnum. Síðastliðið ár hefur að mestu farið í þessa vinnu sem nú er komin vel á veg. Í ljósi góðrar afkomu félagsins á liðnu ári og í samræmi við það markmið félagsins að styrkja notkun íslenskrar tungu í upplýsingatækni, ákvað stjórn félagsins að styrkja þessa vinnu orðanefndarinnar.

## 4. Tölvuökuskírteini – TÖK

Á liðnu ári voru gefin út 223 ný hæfnisskírteini, en það er veruleg aukning frá árinu á undan. Jafnframt útskrifuðust 123 með fullgild Tölvuökuskírteini en það er einnig töluverð aukning frá fyrra ári. Alls hafa nú verið gefin út 726 hæfnisskírteini og samtals hafa 348 útskrifast frá upphafi árið 2000. Í stuttu máli má segja að tölvuökuskírteinið hafi gengið mun betur á árinu en við þorðum að vona. Þetta er vissulega mjög ánægjuleg þróun og vísbending um að TÖK eigi fullan rétt á sér.

## 5. Innlent samstarf

Skýrslutæknifélagið er aðili að FUT og SARÍS og á fulltrúa í stjórn þessara félaga. Þá hefur félagið tilnefnt fulltrúa í stjórn Persónuverndar. DECUS er eini starfandi faghópurinn innan félagsins og, eins og áður hefur komið fram, beitti DECUS sér fyrir umfangsmestu ráðstefnu félagsins á liðnu ári. Auk þess er þegar hafinn undirbúningur að næstu ráðstefnu í tengslum við DECUS sem verður haldin í vor.

## 6. Erlent samstarf

Félagið er fullgildur aðili að Nordisk Data Union, eða NDU, og CEPIS sem eru Evrópusamtök UT-félaga og jafnframt er félagið aukaáðili að IFIP (International Federation of Information Processing). Stjórn Ský var mjög umhugað um að félagið yrði ekki rekið með tapi þriðja árið í röð og því var erlent samstarf með allra minnsta móti á liðnu ári. Framkvæmdastjóri sótti þó einn fund á vegum NDU þar sem framkvæmdastjórar systurfélaganna á Norðurlöndum báru saman bækur sínar. Starfsemin er um margt lík þrátt fyrir ólíka uppbyggingu félaganna og stærðarmun og má nýta sér reynslu hinna, m.a. við ráðstefnu- og fundahald, uppbyggingu félagsgjalda og þjónustu við félagsmenn.

## 7. Afkoma félagsins

Eins og fram hefur komið náðist það meginmarkmið stjórnar að reka félagið ekki með tapi þriðja árið í röð. Svo mikil var áherslan á þetta markmið að árangurinn varð í raun mun betri en við þorðum að vona lengi fram eftir ári. Meðal aðgerða sem við gripum til var að spara á öllum sviðum, m.a. að fækka utanlandsferðum niður í eina, lækka kostnað vegna erlendra fyrirlesara og að hækka þáttökugjöld, sérstaklega fyrir utanfélagsmenn. Einnig gekk mun betur að selja TÖK en við þorðum að vona.

Þegar ljóst varð í lok ársins að það stefndi í umtalsverðan hagnað, ákvað stjórnin að umbuna starfsmönnum félagsins og að styrkja orðanefndina sérstaklega af þessu tilefni. En þrátt fyrir það og þrátt fyrir fækkun félagsmanna og minni aðsókn að hádegisverðarfundum, er hreinn hagnaður rúmar 600.000 kr. og verður að teljast mjög góður árangur.

## Lokaorð

Skýrslutæknifélagið á sér langa og einstaka sögu og má fullyrða að það hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfboðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar og orðanefndar, en jafnframt á hæfum og dugmiklum starfsmönnum og í vaxandi mæli vinnuframlagi félagsmanna og annarra sem hafa tekið þátt í að undirbúa atburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum sem sjaldnast krefjast greiðslu fyrir sitt framlag. Ég vil hér þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Ég vil einnig nota tækifærið og þakka þeim sem nú hverfa úr stjórninni, þeim Heiðari Jóni Hannessyni, Ólafi Aðalsteinssyni og Stefáni Kjærnested fyrir afar ánægjulegt og farsælt samstarf undanfarin ár.

F.h. stjórnar Skýrslutæknifélags Íslands  
Eggert Ólafsson

## Skýrsla stjórnar – viðauki

Árið 2003 var 35. starfsár félagsins. Fullgildir félagsmenn voru 773 í lok starfsárs.

### Stjórn

Aðalfundur var haldinn 13. febrúar 2003.

Í stjórn Skýrslutæknifélags Íslands sátu árið 2003:

Eggert Ólafsson, formaður  
Stefán Kjærnested, varaformaður  
Svana Helen Björnsdóttir, gjaldkeri  
Heiðar Jón Hannesson, ritari  
Ólafur Aðalsteinsson, meðstjórnandi  
Einar H. Reynis, meðstjórnandi  
Arnaldur F. Axfjörð, varamaður  
Ebba Þóra Hvannberg, varamaður

Haldnir hafa verið 16 hefðbundnir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda nefndarfunda sem stjórnarmenn hafa sótt.

### Fjármál

Tekjur umfram gjöld voru á árinu voru kr. 604.834,-. Ívar Guðmundsson hjá Deloitte og Touche hf hefur aðstoðað við gerð ársreiknings Skýrslutæknifélagsins en félagskjörnir endurskoðendur voru Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

### Útgáfumál

Ritstjórn hefur haldið um 27 fundi á starfsárinu. Birst hafa alls 20 greinar á Tölvumálavef Ský en þar af birtust 11 greinar í 1 tölublaði 28. árgangs. Alls 42 blaðsíður um tölvur og upplýsingatækni. Annað efni sem ritstjórn hefur birt eru smáfréttir á forsiðu vefs Ský. Arnaldur Axfjörð, Jóhann Ásgrímsson, Baldur Sigurðsson og Kristján Geir Arnþórsson gengu úr ritstjórn á árinu. Ólafur Ingþórsson gekk í og úr ritstjórn á árinu.

*Ritstjórn skipa nú:*

Einar H. Reynis, ritstjóri  
Hrafnhildur Hreinsdóttir  
Gestur Svavarsson  
Stefán Hrafn Hagalín  
Þorvarður Kári Ólafsson

### Nefndir

*Orðanefnd:*

Sigrún Helgadóttir, formaður  
Örn Kaldalóns  
Baldur Jónsson  
Þorsteinn Sæmundsson

*Síðanefnd:*

Erla S. Árnadóttir, formaður  
Snorri Agnarsson  
Gunnar Linnét

*Fagráð í upplýsingatækni, fulltrúi Ský:*

Svana Helen Björnsdóttir

*Stjórn Persónuverndar, fulltrúi Ský:*

Óskar B. Hauksson  
til vara Eggert Ólafsson

Að auki hefur starfað fjöldi nefnda um einstök verkefni og atburði.

### Ráðstefnur og fundir

- 1 Hálf dagsráðstefna, *Þögli þjónninn*, haldin 30. janúar, þátttakendur 80
- 2 Hádegisverðarfundur, *Rafræn kosningabarátt*, haldinn 27. febrúar, þátttakendur 34
- 3 Hádegisverðarfundur, *Tilraunasamf.f. rafr.viðsk.*, sem haldinn var 12. mars, þátttakendur 121
- 4 Hádegisverðarfundur, *Instant Messaging*, haldinn 27. mars, þátttakendur 58
- 5 Hálf dagsráðstefna, *SARÍS*, haldin 29. apríl, þátttakendur 102
- 6 1 1/2 dagsráðstefna, *X-Öryggi*, haldin dagana 16.-17.maí, þátttakendur 150
- 7 Hálf dagsráðstefna, *Er framtíðin núna*, haldin 18. september, þátttakendur 80
- 8 Hádegisverðarfundur, *Gagnaflutningar*, haldinn 14. október, þátttakendur 50
- 9 Hálf dagsráðstefna, *Ógnaröld*, haldin 21. október, þátttakendur 152
- 10 Hálf dagsráðstefna, *Sambætting kerfa*, haldin 13. nóvember, þátttakendur 135
- 11 Hádegisverðarfundur, *Ljósíð alla leið*, haldinn 26. nóvember, þátttakendur 65

Samanlagt hafa því 1.027 sótt hefðbundna fundi og ráðstefnur á vegum félagsins á árinu, eða 93 að meðaltali.

Starfsmenn félagsins á árinu 2003 voru Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri og Sóley Jensdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra.

---